



ÖLFUS

VISS, vinnu og hæfingarstöð í Þorlákshöfn

óskar eftir þroskaþjálfara/iðjuþjálfara eða starfsmanni með sambærilega menntun í starf deildarstjóra.

VISS vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða deildastjóra í 90% stöðu frá 1. desember n.k vinnutími frá kl 9 -16:00. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu í Sveitarfélaginu Ölfusi þar sem unnið er eftir hugmyndafræðinni þjónandi leiðsögn og sjálfstætt líf. Deildarstjórinn vinnur samkvæmt lögum 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefnin eru :

- Daglegt utanhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar í samráði við forstöðumann
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarréttar fatlaðs fólks

Hæfniskröfur:

- Menntun í þroskaþjálfara/iðjuþjálfun
- Reynslu af stjórnun og starfsmannahaldi
- Leiðtoga og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags og/eða Iðjuþjálfafélags Íslands.

- Umsóknarfrestur er 20. nóvember 2020.
- Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfari ragnhildur@arborg.is eða í síma 480-6920 og 899-7254
- Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknum verður svarað.

